

Mánudaginn 26. september 1994.

Nr. 399/1994.

Rannsóknarlögregla ríkisins

gegn

Þórhalli Ölver Gunnlaugssyni

(Símon Ólason hdl.)

Kærumál. Farbann.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein og Garðar Gíslason og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 16. september 1994, sem barst réttinum 19. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Kærð er ákvörðun Héraðsdóms Reykjavíkur 16. september sl. um farbann varnaraðila allt til kl. 16.00 föstudaginn 4. nóvember nk. Sóknaraðili krefst þess, að varnaraðila verði meinuð för af landinu allt til kl. 16.00 laugardaginn 31. desember 1994.

Varnaraðili skaut málinu einnig til Hæstaréttar með kæru 19. september sl. Krefst hann þess, að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi.

Hinn 16. september sl. felldi Hæstiréttur úr gildi úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur um gæsluvarðhald varnaraðila vegna grunar um stórfelld brot á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, lögum nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt og 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Í dómi Hæstaréttar var sagt, að Rannsóknarlögregla ríkisins hefði ekki sýnt fram á, að rannsóknarhagsmunir væru slíkir, að þörf væri á frekara gæsluvarðhaldi varnaraðila, sem hann hafði þá sætt í fjóra daga. Fram var komið, að lögregla hafði við húsleit lagt hald á bókhaldsgögn varnaraðila og fyrirtækja hans og yfirheyrt hann og eiginkonu hans.

Í greinargerð sóknaraðila til Hæstaréttar kemur fram, að rannsókn beinist meðal annars að því að varpa ljósi á ráðstöfun sóknaraðila á verulegum hluta þess endurgreidda virðisaukaskatts, sem hann er grunaður um að hafa fengið með röngum skýrslum. Eins og rannsóknarefninu er háttað, má fallast á, að nærvera varnaraðila sé

nauðsynleg um sinn. Sóknaraðili hefur hins vegar ekki leitt næg rök að því nú, að hennar sé þörf umfram þann tíma, sem tiltekinn er í hinni kærðu ákvörðun. Verður hún því staðfest.

D ó m s o r ð:

Hin kærða ákvörðun er staðfest.
